

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 9. október 2018.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar, Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands og Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu. Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili Sprotasjóðs sat fjarfund í Háskólanum á Akureyri. Björk setti fundinn kl. 9:40 Sigrún Vésteinsdóttir (SV) var fundarritari.

Eftirfarandi liðir voru ræddir.

1. Auglýsing um úthlutun úr Sprotasjóði og upplýsingar inn á vef sjóðsins

Farið var yfir uppsetningu á auglýsingu og orðalag hennar. Áhersla verður lögð á það að þessu sinni að útskýringar fylgi hverju áherslusviði í auglýsingu til enn frekari upplýsingar fyrir umsækjendur. Einnig verður settur inn frekari útskýringartexti um áherslusvið inn á heimasíðu sjóðsins svo að umsækjendur geti glöggvað sig betur á hverju og einu áherslusviði og eftir hvernig verkefnum er verið að óska. Björk mun svo gera tillögu að texta sem færi inn á heimasíðu sjóðsins til frekari útskýringar á því hvaða þætti sjóðurinn styrkir. Þar mun m.a. koma fram ákvörðun sjóðstjórnar sem hefur ráðið úthlutun undafarin ár að verkefni skuli miðast við þátttöku nemenda í verkefnum. Stjórn sjóðsins vill vera enn skýrari um mikilvægi nemendabáttarins í verkefnum og að þessi áhersla verði sýnilegri í áherslum sjóðsins. Tillöguna sendir hún í tölvupósti þar sem stjórn sjóðsins getur gefið álit. Endanlegur texti verður færður til bókar á næsta fundi, 27.11 og formlega staðfestur þar þannig að reglur sem ráða við úthlutun hafi fengið formlegt samþykki stjórnar. Umsýsluaðili mun sjá um að færa þessar upplýsingar inn á vefinn og skoða uppsetningu á vefnum út frá því.

2. Tillögur JTJ um eflingu Sprotasjóðs

JTJ hitti ráðherra 10. október og kynnti tillögur sínar um eflingu Sprotasjóðs en þar leggur hann til að framlag til sjóðsins verði fjórfaldað á næstu fjórum árum og fari frá því að vera rúmar 63 millj.kr. í það að vera rúmar 253 millj. kr. árið 2022. Þessar tillögur verða ekki lagðar fyrir stjórn sjóðsins til afgreiðslu en JTJ vonast til að hagsmunaaðilar muni taka upp þessa umræðu. Ásamt þessum tillögum um aukningu fjármagns sjóðsins lagði hann jafnframt fram tillögur sem lúta að verklagi sjóðsins og annarra tiltekinna verkefna (sjá tillögur hér að neðan) sem að sjóðsstjórn þarf að taka afstöðu til. Stjórn sjóðsins vill auka samstarf og samtal við hagsmunaaðila sem koma að skólamállum og kynna fyrir þeim hugmyndir sem lúta að því að auka samtal og samvinnu milli skóla og skapa þannig faglegra samstarfsnet. Stjórnarmenn Sprotasjóðs munu einnig kynna þessar hugmyndir fyrir sínum stofnunum eins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og innan KÍ.

AMG kom inn á það að Skólamálaráð KÍ héldi tvo fræðslufundi árlega og nefndi að seinni fundur vetrarins gæti hugsanlega verið tileinkaður m.a. Sprotasjóði og var stjórn sjóðsins hrifin af þeirri hugmynd.

Stjórnin fagnar þessum tillögum JTJ og mun vinna þær áfram á fundum sínum og milli funda og verður tekin afstaða til þeirra jafn óðum og þær verða setta á dagskrá. Þetta á einkum við um tillögur 1 og 2. Tillögur 3 og 4 eru innbyrðis skyldar og segja má að sú síðari felist að nokkru í þeim tillögum sem liggja fyrir um auglýsingu, en sú fyrri bíður formlegrar afgreiðslu. Allir liðir tillögu 5 eru í vinnslu og það á einnig við um tillögur 6 og 7. Efni tillagna 8 og 9 er einnig í vinnslu og efni tillögu 10 verður viðfangsefni næsta fundar, þegar fulltrúi Reykjavíkur mætir á fund.

3. Samvinna við GRUNN um forvinnslukerfi fyrir umsóknir í sjóðinn og þróunarstyrki sveitarfélaga.

Fulltrúi GRUNNS, Hlynur Sigursveinsson fulltrúi kom sem gestur á fundinn og stjórn sjóðsins ræddi við hann um áhuga Sprotasjóðs að efla samstarf og samvinnu við GRUNN. Meðal þess sem var rætt á þessum fundi var sú hugmynd að koma upp einhverskonar forvinnslukerfi fyrir umsækjendur þar sem þeir geta haft samskipti og kallað eftir samtarfsaðilum. Hlyni leist vel á að auka samstarf sjóðsins og GRUNNS og var jákvæður gagnvart því að GRUNNUR gæti tekið þátt í því að búa til einhverskonar samstarfsvettvang milli skóla og stofnanna í samfélaginu. Einnig tók hann vel í þá hugmynd að GRUNNUR gæti verið leiðandi í því að koma á einhverskonar tenginu og samvinnu milli sjóðsins og þróunarsjóða sveitarfélaganna. SDP og SV ætlar að tala við Rannís um það hvernig umræðuvettvangur Erasmus virkar sem dæmi og kanna hvort að það sé kerfi sem Sprotasjóður gæti horft til.

BÓ verður með innlegg um Sprotasjóð á fundi GRUNNS föstudaginn 9. nóv. en þar mun hún m.a kynna áhersluhugmyndir sjóðsins og ræða samstarf milli GRUNNS og Sprotasjóðs, ásamt því að kynna hluta af tillögum JTJ um eflingu sjóðsins. Hlynur stakk upp á því að stjórn GRUNNS myndi svo í lok fundarins koma þeim tilmælum til fundargesta að þeir myndu hugsa þetta og koma hugmyndum til stjórnar. Hlynur ætlar að ræða innan stjórnar hvernig væri best að formgera þessa samvinnu en taldi mikilvægt að hún fæli ekki í sér mikil fundarhöld.

BÓ ræddi í þessu samhengi að hugsanlega væri sterkt að koma einnig inn á fund skólameistara framhaldsskólanna með svipað erindi um sjóðinn en hún ætlar að skoða það mál.

Engin mál voru á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Fundi var slitið 12:10

Tillögur um áherslubreytingar í verklagi og tiltekin verkefni

Efni þessara tillagna var lauslega kynnt á fundi 4.9.2018. Þær hafa tekið vissum breytingum í framhaldinu. Mér er það í mun að efni þessara tillagna nái fram að ganga, en ekki endilega það orðalag eða útfærsla sem ég nota. Reyni samt að nota orðalag beinna tillagna.

1. Tekin sé frá hluti heildarupphæðarinnar, og boðið upp á einn eða fleiri styrki upp á 7-12 milljónir miðað við árskostnað. Sótt sér sérstaklega um þann styrk. Þessi styrkur yrði til tveggja ára. Það setur skólaumhverfið í aðrar stellingar að eiga möguleika á slíkum styrkjum.
2. Veittir verði a.m.k fjórir styrkir til þriggja ára og sex styrkir til tveggja ára.
3. Í auglýsingu sé skýrt tilgreint að samstarf 3-5 skóla styrki mjög umsókn. Það komi líka fram viðurkenning á að þetta feli í sér aukin stjórnunarkostnað og að kostnaður muni renna til allra skólanna. Það fari ekki á milli mála að allir skólarnir séu virkir.
4. Það verði yfirlýst stefna stjórnar sjóðsins að hún telji sig vinna í samræmi við hugmyndir um fagleg samstarfsnet - lærdómssamfélög.
5. Það er líklega skynsamlegt að setja upp eins konar forvinnukerfi sem yrði þróað í samráði við umsjónaraðilana á Akureyri.
 - a. Nokkru áður en auglýsing er send út verði skólunum bent á áhersluna á samstarf og jafnframt tilraun til að stilla saman skóla sem hyggjast sækja um skyld verkefni.
 - b. Stjórnin móti með umsjónaraðila útfærslu forvinnunnar.
 - c. Um það gæti einnig verið haft samráð við Félag áhugafólks um skólaþróun og Grunn.
 - d. Kannað verði hvort sérstök málstofa, eða fundarhöld um tiltekin efni kæmu til greina, t.d. um áhersluatriðin.
6. Skoðaðir verði kostir þess að vinna með Menntamiðju um viss verkefni, einkum sem tengjast forvinnu og kynningu verkefna sem er lokið.
7. Það komi skýrar fram í auglýsingu en verið hefur hvað sjóðsstjórnin telur sprotaverkefni.
8. Endurskoða form skilaskýrslna eða skilagerða eða samsvarandi í samráði við umsjónaraðila og ólíka hagsmunaaðila.
 - a. Einfalda skýrslugerð frá því sem nú er
 - b. Leyfa fjölbreyttara form
 - c. Hafa viðtöl við 20-30% styrkþega um afraksturinn og reynsluna og koma þannig á eins konar símati fyrir báða aðila, þ.e. stjórn sjóðsins og styrkþegana
9. Fá yfirlit yfir styrktarsjóði einstakra stærri sveitarfélaga
10. Sjóðurinn kynni sér hugmyndir Reykjavíkur um þeirra eigin Sprotasjóð

Um eflingu Sprotasjóðs (tillaga til ráðherra)

10.10.2018

Tillaga um að fjórfalda sjóðinn með því að bæta við fjármagni sem nemur 40% á ári í fjögur ár. Hann yrði þá 254 milljónir að fjórum árum liðnum.

Upphæðir - yfirlit

			Milljónir			Til minnis	
Liður 02-271	Sprotasjóður	2018	63,3			Fræðsluútgjöld hins opinbera 2017	
Hugmynd um aukningu faglegs sprotastarfs á vettvangi				41,45%		Í milljónum króna	
		2019	89,5			11 Leikskólastig	16.753
		2020	126,7			12 Barnaskólastig	56.004
		2021	179,1			21 Unglingastig	25.490
		2022	253,4			22 Framhaldsskólastig	29.366
							127.613

Þetta er farsæl, framsýn og skilvirk leið til þess að

- renna stoðum undir þann ásetning stjórnvalda að efla þróunarmenningu, sem oft er kennd við lærdómssamfélag, sem þarf að einkenna menntakerfið. Þar liggur í raun veigamesta röksemdin. Um er að ræða fagpólitíska stefnumörkun.
- virkja þá fagmennsku sem er þegar á vettvangi, sem er mikill fjársjóður. Hann þarf sífellt að endurnýja og gefa fagmennskunni með þessu aukið svigrúm og hvatningu. Þetta er í takt við nútímalegar hugmyndir um eðli skilvirks þróunarstarfs, um nýtingu mannauðs og speglar kröfu nútímans um nauðsyn sífelldrar endurnýjunar í menntakerfinu.
- gefa sjóðnum tækifæri til að auka fjölbreytni í styrkveitingum. Það ætti að bjóða upp á nokkra stærri styrki sem er nauðsynlegt fyrir sum metnaðarfull verkefni. Jafnframt þarf að leyfa styrki sem vara yfir 2-4 ára tímabil. Fölmargar góðar hugmyndir þurfa þann tíma til að dafna og fágast.
- stjórnvöld fái tækifæri til þess að koma fjölbættum áherslum sínum á framfæri en virkja um leið litróf góðra hugmynda á vettvangi, þar sem farnar eru ólíkar leiðir og tryggja jafnframt eignarhald fagfólksins á þeim.

Hér fylgja með tillögur sem liggja hjá sjóðsstjórn Sprotasjóðs nú þegar. Þær hafa verið reifaðar en í raun ekki ræddar formlega og því ekki bókaðar í fundargerð; það verður gert á næsta fundi:

11. Tekinn sé frá hluti heildarupphæðarinnar, og boðið upp á einn eða fleiri styrki upp á 7-12 milljónir miðað við árskostnað. Sótt sé sérstaklega um þann styrk. Þessi styrkur yrði til tveggja ára. Það setur skólaumhverfið í aðrar stellingar að eiga möguleika á slíkum styrkjum.

12. Veittir verði a.m.k. fjórir styrkir til þriggja ára og sex styrkir til tveggja ára.

13. Það verði yfirlýst stefna stjórnar sjóðsins að hún telji sig vinna í samræmi við hugmyndir um fagleg samstarfsnet - lærdómssamfélög.

14. Í auglýsingu um styrki sé skýrt tilgreint að samstarf 3-5 skóla eða skóla og stofnana styrki mjög umsókn. Það komi líka fram viðurkenning á að þetta feli í sér aukin stjórnunarkostnað og að einhver stjórnunarkostnaður muni renna til allra skólanna og einnig stofnana ef því er að skipta. Það fari ekki á milli mála að allir aðilar séu virkir. Ætíð sé minnt á að umsóknir í Sprotasjóð skuli setja nemendur í brennidepil.

15. Það verði sett upp eins konar forvinnukerfi fyrir umsóknir sem yrði þróað í samráði við umsjónaraðila sjóðsins á Akureyri. Þetta ætti að ýta undir og auðvelda samstarf um áhugaverð verkefni innan þeirra áherslusviða sem hafa verið tilgreind hverju sinni. Þetta yrði mikilvægur liður í þeirri viðleitni að styrkja menningu lærdómssamfélags.

Greinargerð

Reglur um Sprotasjóð voru settar í febrúar 2009. Það stefnir því í 10 ára afmæli sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins skv. reglugerðinni er

„að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum.“ Þessa grein hefur stjórn sjóðsins undanfarið túlkað þannig að verkefni skuli beinlínis snúast um starf skólanna, þ.e. snúa að nemendum frekar en aðeins að starfsþróun kennara, þótt hún sé vitaskuld oft nauðsynleg forsenda þróunar starfsins. Þannig er ekki litið á sjóðinn sem starfsþróunarsjóð fagstétta.

Sjóðurinn nær til þriggja skólastiga. Fyrir starfsárið 2018-2019 var úthlutað 54 milljónum en 61 milljón árið á undan.

Einstök sveitarfélög leggja sjálf til þróunarstarfs inn í keimlíkt sjóðsumhverfi, t.d. leggur Garðabær 32 milljónir til skólastiganna tveggja; Reykjavík hyggst auka veglega við þennan þátt síns kerfis og úthluta með öðrum hætti en fyrr.

Bæði í erlendri og innlendri umræðu vex þeirri skoðun fylgi að mikilvæg forsenda skapandi og kvíks þróunarstarfs sé, að það sé að talsverðu leyti að frumkvæði og í höndum skólanna, og þá kennaranna sjálfra. Þetta dregur ekki úr möguleika stjórnvalda til að hafa áhrif í tilteknum málaflokkum, en það er þá almennt til afmarkaðra verkefna sem eru ákvörðuð að ofan. Sum stjórnlynd nágrannaríki okkar hafa laðast að þeirri leið sem meginreglu.

Þetta sjónarmið um frumkvæði skóla dregur ekkert úr mikilvægi þess að stjórnvöld leggi meginlínur um *námskrá*, eða áherslu á *skóla fyrir alla* en inn í þann ramma verður fagfólkið svo að fylla.

Það er skoðun undirritaðs að sprotasjóðsleiðin sé að mörgu leyti afar farsæl leið, til fjölbættrar skólaþróunar þótt ég telji að sumu mætti haga öðru vísi, enda þarf það starf eins og annað að vera í stöðugri þróun. Sjóðurinn er opinn fyrir hugmyndum af vettvangi, stuðlar að fjölbreytni, hann laðar fram frumkvæði vettvangs og undirstrikar traust til fagfólks.

Þótt lagðar séu vissar línur þá koma umsóknir um afar fjölbætt verkefni og þótt styrkir séu í raun mjög lágir, og þeir renni í raun til fárra, miðað við stærð kerfisins, þá munar verulega um þá og mörg skínandi verkefni hafa verið unnin á þeim grunni sem hann veitir.

Nánast allar hugmyndir um öfluga þróun skóla gera ráð fyrir þessari virku aðild fagstéttanna sem sjóðurinn laðar fram og undirstrika bæði mikilvægi faglegs náms sem þarf sífellt að eiga sér stað og faglegrar þróunar sem er svólítið annars eðlis, en ekki síður mikilvæg. Þessir þættir verða að vera sterkir í nútíma skólakerfi og mun sýnilegri en nú á við.

Ég sé fyrir mér fjórföldun sjóðsins á næstu þremur árum, eða nálægt 40% stækkun á ári. Það má þó hafa í huga að mörg sveitarfélög hafa einnig áttað sig á þessu og taka frá aukið fé til þróunarstarfs, m.a. í samkeppnisumhverfi. Með þessu móti mundi ráðuneytið, ásamt öðru, undirstrika skilning sinn á mikilvægi á þróun skólasterfs sem kemur innan frá.

Í umræðu um svona tillögu sem felur augljóslega í sér almenna stefnumörkun og verulega aukin útgjöld, má spyrja hve sterk rök séu fyrir því að leggja fé í svona sjóð. Þau eru að mínu mati margþætt, umfram þau sem koma fram hér að ofan, m.a.:

1. Þetta er í fullu samræmi við allflestar hugmyndir um umbætur í skólasterfi, um lærdómssamfélög, um traust á fagstéttum og í samræmi við hugmyndir um að virkja enn betur fagþekkingu mörg þúsund fagmanna sem starfa í skólakerfinu.
2. Það er hægt að benda á aragrúa verkefna, styrkt af sjóðnum, sem hafa tekist afar vel og bera góðu starfi vitni.
3. Fjársterk sveitarfélög hafa sjálf valið að fara þessa leið og það eru uppi hugmyndir innan einhverra þeirra um að ganga enn, jafnvel mun lengra.
4. Skólar sem sækja um styrk til verkefna leggja oft umtalsvert fé á móti til að undirstrika mikilvægi verkefnanna.
5. Þetta er samkeppnissjóður og umsækjendur þurfa að leggja fram trúverðugan og gildan rökstuðning.

Mótbáran gæti verið sú að það þyrfti að láta fara fram úttekt á verkefnum Sprotasjóðs í heild áður en nokkuð væri að gert; ekkert skuli hreyft fyrr. Gegn því að það þurfi að slá málinu á frest eru þau rök sem nefnd eru hér að ofan, en einnig þau að stjórn sjóðsins hefur þegar rætt hugmyndir um hvernig megi læra af reynslunni og færa fjölmargt til betri vegar eins og reynslan gefur nánast ætíð tilefni til. Símat þarf að vera til staðar, en sú ákvörðun á ekki að tefja málið.

Önnur mótbára gæti verið að umtalsvert þróunarfé liggur í kerfinu í símenntunar tímum kennara og í endurmenntunar-, námsleyfa og námsefnissjóðum.

En eðli Sprotasjóðs er allt annað en þessara sjóða. Í fyrsta lagi skal vinnan beinast beint að nemendum þótt fé renni til kennara, sérfræðinga og margvíslegrar umgjarðar. Í öðru lagi er lögð rík áhersla á samvinnu fagfólks af ýmsu tagi eins og lærdómssamfélag krefst. Hér er markmiðið að renna stoðum undir samstarfnet um sprota. Þetta er lykileinkenni þeirrar þróunarmenningar sem stefnt er að.

10.10.2018,

Jón Torfi Jónasson

Tilnefndur í stjórn sjóðsins af samstarfsnefnd háskólastigsins